

Finnsk átján skáldsagna móðir:

Hnullungar á grýttum vegi rithöfundar

Í dag kl. 16 heldur finnski rithöfundurinn Eeva Joenpelto fyrirlestur í Norræna húsinu. Hún fjallar þar um grýttan veg rithöfundarins, um það, að á þeim vegi er ekki unnt að stytta sér leið, jafnvel þótt mörgum finnist sem þeir eigi alls kostar við bókmenntirnar.

Þetta verður fyrirlestur sem byggir á persónulegri reynslu, segir Eeva Joenpelto á blaðamannafundi, en hún hefur samíð átján skáldsögur. Ekki vildi hún beinlínis játa, að fyrirlesturinn yrði einskonar málsvörn atvinnurithöfundar, en þó mátti heyra, að henni finnst nóg um ritgleði áhugamanna í Finnlandi, en þar er það mjög í tisku að menn skrifi og gefi út sjálfir — án þess að brýn ástæða sé sannanleg.

Eeva Joenpelto hefur verið þýdd á sænsku, norsku, dönsku, tékknesku og pólsku — og nú síðast er verið að þýða bækur hennar á eistnesku. Ein bók eftir hana hefur komið út á íslensku, það var árið 1962. Bókin heitir Mæring gengur á vatninu, þýðandinn var Njórður P. Njarðvík, og Kristín Mäntylä er að þýða aðra skáldsögu Eevu á íslensku.

Sjálf kveðst hún vera ánægð með þrjár eða fjórar þessara bóka. Hitt eru svona „millibækur“ (eða „meðalbækur“). Maður verur líka að hafa leyfi til að skrifa þær, segir hún.

Eeva Joenpelto kveðst einkum hafa lagt sig eftir þriðja áratugnum í skáldsögum sínum. Sér hefði verið sagt, að sá tími væri lítt freistandi, þá hefði

mikil óreiða og ringulreið verið á öllum hlutum í Finnlandi, en þeim mun frekar hefði hún látið freistast af honum. Um þennan tíma fjalla ég í Mæring gengur á vatninu. Þar byggi ég á því, sem ég hefi heyrt, en núna er ég að skrifa sagnaflokk um sama tíma og reyni þá að stúdera tímann sem best til að geta borið fulla ábyrgð á öllum staðreyndum. Rithöfundur verður að kunna að læra, lesa sem allra mest um þann tíma og það umhverfi sem hann beinir athyglinni að — og gleyma síðan 90% af því. En andblær tímans verður að sitja eftir. Og nauðsynleg smáatriði; það þýðir ekki að lyfta simtöli í sögu frá fyrrgreindum tíma og biða eftir sóni — það var annað sem gerðist í fjarskiptum í þá daga.

Af hverju ég skrifa um þennan tíma? Land mitt hefur þekkt hörmungaskeið borgarastyrjaldar og heimsstyrjaldar. Ég hefi meiri áhuga á þeim tíma sem á eftir kemur sögulegum stórslysum, þegar menn þurfa að gera ýmsa hluti upp við sig, hvernig byggja skal upp á nýtt.

Núna eru komnar út tvær bækur af þrem í þessum flokki. Ég vil helst ekki lýsa þeim sjálf, en einn gagnrýnandi segir á þá leið, að ég reyni að sjá vítt yfir,



Eeva Joenpelto; það skiptir miklu að höfundur geti rannsakað sögu sítt og tíma — án þess að láta þann fróðleik flækjast um of fyrir sér. (ljósm. eik)

gefa breiða lýsingu, þar sem fókur úr mismunandi stéttum, mismunandi umhverfi tekst á. Ég lýsi kaupmönnum, og bændum og verkamönnum. Og satt að segja á ég erfiðast með að lýsa verkamanni, ég þekki minna til lífs hans en gott er. Sumir höfundar vilja bæta úr þeim vanda með því til dæmis að ráða sig í verksmíðju eitt ár eða svo. En það getur samt aldrei komið í staðinn fyrir reynslu þess verkamanns, sem getur ekki hlaupið á brott hvenær sem er — eins og rithöfundurinn í efnisleit, — heldur á alla sína ævi á þessum stað. Ég reyni því að nálgast þann vanda að lýsa verksmíðju og hugsunarhætti verkamanns með öðrum hætti. Það er mér hinsvegar miklu auðveldara að lýsa t.d. bónda eða kaupskýslumanni, ég held ég þekki það fólk nægilega vel til að geta leyft mér að fara með háð í lýsingu á því.

Eeva Joenpelto er gestur Norræna hússins og er hér til mánudags. Sem fyrr segir heldur hún fyrirlestur í dag kl. 4. — og lætur þess getið í leiðinni, að hún sé á móti fyrirlesturum og fari aldrei á slíkar samkomur sjálf.

Þetta gæti orðið fróðleg blanda af áætlun og framkvæmd...

Kjartan Guðjónsson að Kjarvalsstöðum

AFSTRAKT MEÐ STURLUNGU

Kjartan Guðjónsson opnar í dag stóra sýningu á Kjarvalsstöðum. Á henni eru 112 „númer“, en myndirnar verða fleiri, því teikningar Kjartans við þýðingu Kristjáns Eldjárns á Norðurlands-trómeti eru allar undir einum hatt.

Stærsti hluti sýningarinnar eru


ad eigin frumkvæði og ætla mér að hald áfram hvað sem tautar og raular.

Og ég vona að ég komist út úr Sturlungu. — Sverrir Kirstjánsson sagði einhverju sinni að hver sem byrjar að sökkva sér í hana sé glataður maður, og ég er farinn að skilja hvað hann meinti.

sýni, vandlætingu og hreinum huga.

— Finnst þér að abstraktmálverkið hafi haggast eitthvað í almenningssáliti upp á síðkastið?

— Ég er orðinn 57 ára og það er fyrst núna að ég heyri talað um að þetta sé falllegt. Annad mál er, að það myndaðist snemma nokkuð



Kjartan Guðjónsson á milli falls Odds Þórarinssonar og Hornstrendinga að verja skip sín fyrir Asbirni Guðmundssyni. (ljósm. eik)

ollumálverk, í annan stað er flokkur vatnslitamynda, og í þriðja lagi geta gestir skoðað 35 teikningar um Sturlungu og eru sumar þeirra stækkaðar upp með ljósmyndagöldrum.

— Ég hefi satt að segja lengi undrast það, hve lítið menn hafa gert af því að teikna við fornsögur — mér finnst myndefni blasa við á hverri síðu, segir Kjartan (og við minnum á að eitt sinn birtum við hér í blaðinu Haraðlar sögu harðráða með myndum Kjartans). Ég hefi alltaf beðið eftir því að vera beðinn um slíkt verk, en það hefur ekki orðið af því, kannski af því að eins og allir vita kunna afstraktmálarar ekki að teikna. Ég hefi því hafist handa

Ég hefi fengið tvö almennileg verkefni um dagana — að gera myndir við Norðurlands-trómet og Limrur Þorsteins Valdimarssonar. En það er búið að leggja drög að því að ég myndskreyti Þorpið eftir Jón úr Vör, og ég hlakka mikið til þess.

— Já, þetta eru allt abstraktmálverk, engin konsept á gægjum. Það er ekki mitt mál heldur þeirra ungu mananna.

— Hvernig finnst þér að heyra ungu mennina kalla þína kynslóð akademíska listamenn og annað í þeim dúr?

— Mér finnst það mjög elskulegt af þeim. Þeir eru nákvæmlega eins og við vorum á þeirra aldri. Fullir af pislarvætti, bjart-

harður kjarni fólks sem hafði gaman af myndum þessarar ættar og vildi eiga þær. Sumir þeirra eru reyndar sárir, þegar þeir heyra þetta kallaða stofulist, þegar talað er um að þeir séu kapitalistar sem hafa fundið eitthvað sem passar við teppin þeirra. Minir kaupendur hafa verið af öllum hugsanlegum stéttum og starfsgreinum, þeir hafa ekki átt annað sameiginlegt en að hafa ánægju af myndum.

Myndirnar á sýningu Kjartans eru allar frá síðastliðnum þrem árum. Sýningin er opin kl. 2—10 um helgar, en 4—10 virka daga. Úrtak úr sýningunni verður sýnt í Galleri Háhol á Akureyri, og verður sú sýning opnuð 22. apríl. —áb.



Næst síðasta sýning í Leikbrúðulandi

Sunnudaginn 2. apríl kl. 3 verður næst síðasta sýning í Leikbrúðulandi á þessu vori. Verið er að sýna 4 leikþætti. Vökudraum, Litlu Gunnu og litla Jón, Drekan og ævintýrið um Eineygu, Tvíeygu og Þríeygu. Ennfremur kemur giraffinn Girfínnur Girundarson skapinu í lag meðan verið er að skipta um leiktjöld.

Texti giraffans er eftir Guðrúnu Helgadóttur.

Sýningarnar eru í kjallaranum á Frikirkjuvegi 11 og hefjast kl. 3. Miðsalan er opnuð kl. 1 á sunnudögum og er tekið á móti pöntunum í síma Æskulýðsráðs, 1 59 37 frá kl. 1 sýningardagana.


Sýðasta sýning verður sunnudaginn 9. apríl.

Sýning að Reykjalandi

Í dymbilviku opnaði Benedikt Gunnarsson listmálari málverkasýningu í sölum Vinnuheimilisins að Reykjalandi. Sýnir hann þar 21 mynd, flestar málaðar á s.l. ári. Myndirnar eru til sölu.

Sýningin verður opin til 8. apríl. Aformað er að halda þessari nýbreytni áfram á Reykjalandi og hvetja listamenn til sýningarhalds í vistlegum salarkynnum stofnunarinnar.

Hefur þessi nýbreytni verið vistfólki, starfsfólki og gestum til mikillar ánægju.



Verk eftir Benedikt Gunnarsson eru nú til sýnis að Reykjalandi.